



Reykjavík, 2. ágúst 2019  
VEL2019060044  
DS/bm/þe

**Borgarráð  
Ráðhúsi Reykjavíkur**

**Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um upplýsingagjöf velferðarsviðs til eldri borgara – R19060236**

Á fundi borgarráðs þann 27. júní 2019 lagði Flokkur fólksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

*Flokkur fólksins óskar eftir upplýsingum um í hvað marga borgara sem eru 75 ára og eldri hefur Velferðarsvið hringt í til að kanna með hvort viðkomandi er upplýstur um réttindi sín og almennt sé hvernig viðkomandi liður. Borgarfulltrúi Flokks fólksins gerir sér grein fyrir að ýmislegt er reynt til að koma upplýsingum til borgarbúa. En betur má ef duga skal. Of mikið er treyst á netið og að fólk sé almennt nettengt. Það er ekki alveg raunveruleikinn. Fjölmargir eiga ekki tölvu t.d. elstu borgararnir. Leggja þarf meiri áherslu á símtal til fólks og fylgjast með eldri borgurum og öryrkjum hvort allir hafa örugglega fengið upplýsingar t.d. um réttindi sín. Fram kemur að verið er að uppfæra bækling sem gefinn var út árið 2017 og sendur var öllum eldri borgurum 75 ára og eldri um þá þjónustu sem stendur þeim til boða. Nú er árið 2019.*

**Svar:**

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands var fjöldi Reykvíkinga sem eru 75 ára og eldri þann 1. janúar 2019 alls 7570 manns. Velferðarsvið hefur ekki viðhaft það verklag að hringja í íbúa til að kanna þekkingu þeirra á réttindum sínum eða kanna almenna líðan þeirra. Aðrar aðferðir eru notaðar til að ná til hópsins.


Í rannsókn á greiningu á högum og líðan aldraða sem gerð var árið 2016 af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir velferðarsvið Reykjavíkurborgar, velferðarráðuneytið og Landsamband eldri borgara og kom út í febrúar 2017 kemur fram að 60% eldri borgara nota tölvu daglega. Í aldurshópnum 76 til 79 ára nota 51% tölvur daglega, 74% í aldurshópnum 70 til 75 ára og í yngsta aldurshópnum 67 til 69 ára eru það 82% sem nota tölvur daglega. Velferðarsvið hefur lagt áherslu á að heimasíða Reykjavíkurborgar sé notendavæn og upplýsandi fyrir þá eldri borgara sem nýta sér hana til upplýsingagjafar.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leggur einnig áherslu á miðlun upplýsinga til þeirra sem ekki nýta sér tölvur en eldri borgarar geta leitað eftir upplýsingum og ráðgjöf í þjónustumiðstöð í sínu hverfi varðandi ýmis mál, s.s. þjónustuíbúðir, heimaþjónustu, heimahjúkrun, akstursþjónustu, matarþjónustu, dagdvöl og færni- og heilsumat. Þeir sem nýta sér heimaþjónustu, eru í félagsstarfi eða í þjónustuíbúðum, eiga greiðan aðgang að starfsfólki Reykjavíkurborgar sem veitir aðstoð og svarar spurningum um allt mögulegt. Þá hafa síðastliðin ár verið sendir út bæklingar um þjónustu fyrir eldri borgara í Reykjavík. Bæklingurinn er yfirlarinn árlega og sendur þeim sem verða 75 ára á því ári og til allra nýrra íbúa Reykjavíkur 75 ára og eldri. Á næsta ári verður þessum aðilum jafnframt sendur bæklingur um frístundatilboð fyrir eldri borgara og hreyfikort þess hverfis sem þeir búa í. Með þessu er verið að virkja fólk og hvetja til þátttöku í félagsstarfi, menningu og heilsueflingu til að koma í veg fyrir félagslega einangrun.

Velferðarsvið er meðvitað um mikilvægi þess að ná til þeirra sem ekki geta aflað sér upplýsinga með aðstoð tölvu og er stöðugt að leita leiða til að bæta upplýsingamiðlun og þjónustu. Í aðgerðaáætlun vegna stefnu í málefnum eldri borgara árin 2018 til 2020 eru eftirfarandi aðgerðir sem snúa að upplýsingagjöf til eldri borgara:

- a) Reykvíkingar sem eru 90 ára og eldri án heimaþjónustu verða heimsóttir, þarfir þeirra metnar og þeim kynnt sú þjónusta sem er í boði.
- b) Upplýsingabæklingar um félagsstarf og dagskrá á hverri félagsmiðstöð fyrir sig liggja frammi á þjónustumiðstöð, heilsugæslustöð, bókasafni og sundlaug í hverfum borgarinnar. Þessir aðilar hafa með sér samstarf um þekkingarmiðlun og virkni.
- c) Starfsmenn heimaþjónustu/heimahjúkrunar dreifa dagskrá félagsmiðstöðva beint til notenda.
- d) Í öllum félagsmiðstöðvum verða virknipjálfar sem í samvinnu við starfsmenn heimaþjónustu fara heim til þeirra sem eru félagslega einangraðir og tengja þá sjálfboðaliðum í nýliðakaffi.

Virðingarfyllst,



Dís Sigurgeirs Þórssdóttir,  
skrifstofustjóri